



326. fundur Afrekssjóðs ÍSí 13. janúar 2025 kl. 15.30

Mætt öll á Teams

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson (SJ)

Fjarverandi: Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSí kom á fundinn kl. 15.45.

1. Úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf

KSR fór stuttlega yfir stöðuna á úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf. Verið er að vinna í að skipta því aukna fjármagni sem kom til afreksmála. Vonast er til þess að mögulegt sé að hefja úthlutun á þessu aukna fjármagni innan tíðar.

2. Niðurfellingar vegna 2023

Yfirferð uppgjors og ársreikninga með tillit til afrekskostnaðar og sundurliðun afreksþátta vegna ársins 2023 er lokið hjá fimm sérsamböndum til viðbótar. Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

Sérsamband	Úthlutun	Tillaga að niðurfellingu	Lokaupphæð 2023	Skýring
GSÍ - Gólf samband Íslands	39.400.000	0	39.400.000	Kostnaður til staðar
ÍHÍ - Íshokkísamband Íslands	11.800.000	0	11.800.000	Kostnaður til staðar
JSÍ - Júdósamband Íslands	11.250.000	678.685	10.571.315	Þar af 423þkr. v/heilbr.teymis og 200þkr. v/menntunarfjárfara.
SKÍ - Skíðasamband Íslands	36.500.000	-	Ófrágengið	
TKÍ - Taekwondosamband Íslands	2.200.000	191.000	2.009.000	Þar af 156þkr. v/HM/EM þátttöku.
ÞRFÍ - Þríþrautarsamband Íslands	4.300.000	183.828	4.116.172	Þar af 100þkr. v/menntunarfjárfara og 83þkr. v/HM/EM þátttöku.
Samtals:	535.565.000	8.985.261		

Alls er því nú um 1.053.513 kr. niðurfellingar að ræða hjá fimm sérsamböndum og voru þar af þrjú með sannanlegan kostnað til staðar.

Niðurfellingar ársins 2023 eru þá komnar í 8.985.261.

Enn er ófrágengið uppgjör frá einu sérsambandi vegna ársins 2023.

Stjórn Afrekssjóðs leggur til að fella niður afreksstyrki að þessu sinni, **1.053.513 kr. skv. framangreindu til viðbótar fyrri niðurfellingum að fjárhæð kr. 7.931.748.**

3. Erindi til afrekssjóðs og framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Nokkur erindi hafa borist stjórn Afrekssjóðs frá sérsamböndum.

Erindi frá KAÍ vegna flokkunar sérsambandsins í afrekflokki

KAÍ óskar eftir því að stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ endurskoði ákvörðun sína um að færa KAÍ í flokk Verkefnasambands.

KSR var falið að rýna flokkun KAÍ með Afrekssviði ÍSÍ og kynna álit þess fyrir stjórn sjóðsins.

Erindi frá ÍSS vegna einstaklingsstyrkja

ÍSS óskaði eftir skýringu á því að listskautapar hefði ekki fengið einstaklingsstyrk við úthlutun úr Afrekssjóði. Hefði það nýverið náð þeim árangri að komast inná EM fyrst allra listskautapara. Þrátt fyrir að parið hafi staðið sig mjög vel og komist inná á EM og komist vonandi langt í framtíðinni er raunin sú að þau hafa ekki ennþá sýnt árangur á stórmóti. Fjöldi afrekfólks sem kemst inn á EM nýtur ekki styrkja frá Afrekssjóði ÍSÍ. Það er því niðurstaða sjóðsins að svo stöddu að ekki séu forsendur fyrir úthlutun til ÍSS vegna þessa.

Erindi frá SSÍ vegna úthlutunar sérsambandsins

SSÍ ítrekaði vonbrigði sín vegna lækkunar á úthlutun úr afrekssjóði milli ára í ljósi góðs árangurs undanfarin misseri og óskar eftir svörum við nokkrum spurningum er varða úthlutunina, m.a. varðandi fjárhæð einstaklingsstyrkja, styrks vegna ÓL þátttöku og ungmennaárangurs. Þá óskaði SSÍ eftir styrk vegna boðsundssveitar sem SSÍ getur nú sent á stórmót.

KSR var falið að svara SSÍ í samræmi við umræður á fundinum.

4. Önnur mál

Fram kom að sum sérsambönd hafi óskað eftir meiri samskiptum við fulltrúa í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ og vilji kynna þeim beint afreksstarf sitt. Ýmis sjónarmið komu fram. Bæði þarf stjórn að þekkja vel afreksstarf sérsambanda en einnig þarf að gæta að hlutleysi við ákvarðanir og því gætu mikil samskipti við eitt sérsamband umfram önnur valdið ójafnvægi í hlutleysi við úthlutun. Stjórn tók þó vel í að auka samskiptin utan umsóknartímabils og fól KSR að útfæra slíkt.

AS skýrði svo stuttlega nánar stöðu á úthlutun á nýju afrekfé til sérsambanda.

DJ og ÞE yfirgáfu fundinn kl. 16.32

Fundi slitið kl. 16.39